

1859. Þessu skipi, væri meðal skilríkjanna, þaræð skjal þetta, eptir 26. febrúar. því sem hlutaðeigandi skýrir frá, hafi verið sent til stjórnarinnar um haustið 1857. Þær hafið þarhá skýrt frá því, að síðan þetta skip kom til Íslands árið 1854, hafi það verið á fiskiveiðum um Faxaflóa en á veturna stöðugt legið í Hafnarfirði, án þess á því tímabili að hafa gjört nokkra ferð til útlanda, og hafið þær því álitid vafasamt, hvort optnefnt skip ekki hefði átt að kaupa íslenzkt leiðarbréf þegar það fór frá Íslandi. Þær hafið því skotið því undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hverri reglu skuli framvegis fylgt þegar eins er ástatt.

Dómsmálastjórnin lætur yður nú vita, að eptir kríngumstæðunum leyfum vèr að nefnt skip megi vera laust við að kaupa leiðarbréf til ferðarinnar frá Íslandi haustið sem leið, og áltum vèr þarhá að eptirleidis muni réttast, þegar líkt stendur á, að leiðarbréf það, sem hefir verið keypt í Danmörku handa skipi því, sem einúngis er ætlað til fiskiveiða við strendur Íslands eða þá um leið til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, og sem þessvegna ekki fer heimleidis á sama ári, sè geymt hjá hlutaðeiganda sýslumanni á Íslandi meðan skipið er þar, og skal sýslumaður þá, í reikningum þeim, sem hann á ári hverju er skyldur að senda dómsmálastjórninni um skipagjöld, skýra frá að hann hafi leiðarbréfið til geymslu; en þegar skipið fer frá Íslandi þángað sem það á heima, þá skal sýslumaður afhenda skipstjóra leiðarbréfið eptir beiðni hans, og svo rita á það, að skipið fari frá Íslandi, og skal þarhá einnig um þetta atriði gjöra skýrslu í reikningunum fyrir skipagjöld á því ári.

26. febrúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vestur-umdæminu, um reglur fyrir því, þegar útlendingar vilja taka sèr bólfestu á Íslandi.

Þær hafið, herra amtmaður, í bréfi yðru 8. nóvember í haust er leið skýrt frá því, að L. Bouriard, sem þær hafið

1859.

26. febrúar.

getið í bréfi yðru 4. maí í fyrra vor, og sem er erindisreki Frakka á Íslandi, nú hafi keypt lóð á Grundarfjarðar verzlunarstað í Snæfellsness sýslu; þér hafið sömuleiðis getið þess, að ástæða sé til að halda, að Frakkar muni ætla sér að setja fiskiver á þessa lóð. Þér hafið því spurt dómsmálastjórnina að því, hvort það sé leyfilegt eptir nú gildandi lögum, að fiskur sá, sem veiddur er við strendur Íslands, sé fluttur á land og verkadur á lóð Frakka og síðan fluttur utan á frakkneskum skipum, eða hvort það sé nauðsynlegt, til þess að slík verkun og útflutningur á fiski geti átt sér stað, að skip þau, sem höfð eru til veiðanna, áður séu gjörð innlend og af þeim greitt gjald það, sem skipað er fyrir, þegar útlend skip eru keypt af innlendum manni. Þá hafið þér og beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar á nokkrum spurningum sýslumannsins í Snæfellsness sýslu, þeim er standa í sambandi við þetta mál, yður sjálfum og embættismönnum í yðru umdæmi til leiðarvísis; en spurningarnar eru þessar:

- 1) hvernig taka skuli borgara- og hollustueið þann, sem um er getið í tilskipun 17. nóvember 1786, 6. og 7. gr., þegar svo stendur á, að útlendingur sá, sem eiðinn á að vinna, skilur hvorki danska nè íslenska túngu, og þegar á þeim stað ekki heldur getur fengizt túlkur, sem kann mál útlendingsins;
- 2) hvort heimta skuli af útlendum manni, áður hann geti náð borgararétti:
 - a) skilríki fyrir því að hann ekki sé illræmdur og að hann hafi óflekkað mannorð;
 - b) skírnatfesti, eða þá
 - c) hvort það sé nóg, að hann leggí fram löglegt vegabréf, og loks
 - d) hvort skírteini þau, er hann leggur fram, skuli vera staðfest annaðhvort af hinum danska verzlunarfulltrúa eða af sendiherra Dana konungs á þeim stað, þar sem útlendingurinn á heima;

1859.
26. febrúar.

3. a) hvort það sé nóg til þess að útlendingur geti fengið borgararétt, að hann lýsi því yfir, að hann hafi tekið eður ætli sér að taka fasta bólfestu í landinu, eða þá hvort til þessa útheimtist, að hann annaðhvort sjálfur eða þá umboðsmaður hans hafi þegar tekið sér bústað og sé búinn að koma sér fyrir í landinu;
- b) hvort það verði heimað, að hann sanni að hann hafi efni nóg til þess að geta haldið fram fiskiveiðum svo nokkuð kveði að;
- 4) hvort það sé Íslenzkum borgurum leyft, þegar þeir eiga útlend skip, þá fyrst um sinn að halda þessum skipum til fiskjar við Ísland, með þeim skilmálum, að þeir seti svo mikið fê til geymslu, að það nemi afgjaldi því, sem lúka skal þegar útlend skip eru keypt að, og að þeir séu skyldir til innan tiltekins tíma að láta skipið koma við á einhverjum tollstað í Danmörku, til þess skipið geti orðið gjört innlent og fengið danskt mælingabréf;
5. a) hvort skipi því, er kemur til einherrar hafnar á Íslandi til þess þar að afferma veiði sína, verði vísað frá, hafi það hvorki íslenzkt leiðarbréf samkvæmt opnu bréfi 7. marz 1787, nè heldur leiðarbréf samkvæmt lögum 15. apríl 1854;
- b) hvort útlend skip, sem hafa leiðarbréf samkvæmt lögum 15. apríl 1854, hafi rétt á bæði að fara hafna á milli á Íslandi og líka að nota fiskiveiðar við Ísland og flytja á land veiðina; en sé þetta ekki svo, hvort þá skuli fara með þess konar skip eptir því sem segir fyrir í tilskipun 13. júní 1787 1. kap.;
- c) hvort ekki, auk þeirra 12 sk. af hverju lestarúmi, sem boðið er í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830, 62. gr., að gjalda skuli fyrir að rita á skjöl þeirra skipa, er einungis eru gjörð út til fiskjar, enn fremur beri að greiða gjald það, sem til er tekið í lögum 15. apríl 1854,

8. gr., sbr. 62. gr. í aukatekjureglugjörðinni, þegar þessi hin sömu skip seinna meir kaupa íslenzk leiðarbréf samkvæmt áðurnefndum lögum, til þess að flytja vörur frá Íslandi. 1859.
26. febrúar.

Vér skulum nú fyrst benda herra amtmanninum til þess, að spurningu yðar sjálfs að voru áliti mun nægilega svarað í bræfi dómsmálastjórnarinnar til yðar, dagsettu 27. júlí í fyrra, en þar vér verðum að álíta, að bréf þetta ekki hafi borizt yður til handa, sendum vér yður nú eptirrit af því. En spurningum sýslumannsins í Snæfellsness sýslu svörum vér á þessa leið:

- 1) Þegar svo stendur á, eins og gjört er ráð fyrir í þessari spurningu, mun sjálfsagt hagkvæmast að taka eiðinn á þann hátt, að sýslumaður láti prenta eyðublöð annaðhvort á frakknesku eða ensku máli, og skal þá síðan sá, sem eiðinn á að vinna, útfylla þau og rita nafn sitt undir.
2. a-d) Hvað eiginlegleika þá snertir, er lúta að manni sjálfum, og sem útheimtast til að ná borgararétti, þá má ekki heimta önnur skilríki af útlendum mönnum en af innlendum, en sè þeirra krafizt, þá er sjálfsagt, að þau skulu staðfest af dönskum verzlunarfulltrúa eða þá af einhverjum öðrum áreiðanlegum manni.
3. a) Að vísu verður þess ekki krafizt, áður útlendum manni sè veittur borgararéttur, að hann þá þegar hafi tekið sèr bólfestu í landinu; en atvikin verða þó að lýsa því, að hann hafi í huga að setjast að í landinu; sbr. tilskipun 17. nóvember 1786, 6. gr.: „til þess að setjast að.”
b) Þessari spurningu verðum vér að kveða nei við.
- 4) Úr þessari spurningu er leyst í bræfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857; sbr. opið bréf 23. október 1816.
5. a) Það lítur svo út að sýslumaðurinn gjöri ráð fyrir, að sèr stök leiðarbréf sèu gefin út til fiskiveiða við strendur Íslands; en þetta á sèr ekki stað, að því stjórnarráðinu er kunnugt. Aptur á hinn bóginn flýtur það beinlínis af 4. gr. í lögum 15. apríl 1854, að ekki er nokkru skipi leyft að flytja vörur til Íslands eða frá Íslandi, nema það áður hafi keypt íslenzkt leiðarbréf.

1859.
26. febrúar.

- b) Úr þessari spurningu er leyst í bréfi dómsmálastjórnarinnar 27. júlí í fyrra.
- c) Eins og áður er á vikið, undir stafflið a., er það ekkert efunarmál, að ekki þarf tvö sérstök leiðarbréf handa sama skipi; en á hinn bóginn er það sjálfsagt, að þegar vörur eru fluttar frá Íslandi á skipi því, er einungis hefur verið gjört út til fiskiveiða, þá ber að greiða gjöld þau að fullu, sem ákveðin eru í 8. gr. laganna 15. apríl 1854; en hafi minna verið goldið samkvæmt 62. gr. aukatekju-reglugjörðarinnar 10. september 1830, þá skal greiða mismuninn milli þessa, og þess, sem ákveðið er í verzlunarlögnum.

18. apríl.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland¹.

Stjórn sjóliðsins hefur skýrt frá því í bréfi 27. febrúarm. þ. á., að ef engar tálmanir, er ekki má fyrir sjá, gjöri það ófært, verði herskip eitt sent til Íslands í byrjun næstkomandi maímánaðar, og að eptir fëmegni, því sem verja megi til þessa fyrirtækis, megi ætla að ferð þessari verði eigi lokið fyrri en seinast í ágústmánuði; hefur sjóliðsstjórnin um leið mælt til, að dómsmálastjórnin láti í ljósi álit sitt um það, hverjar reglur setja skuli foringja herskipsins um vernd fiskiveiðanna við Ísland.

Útaf þessu skal þess getið, að eins og sjóliðsstjórninni er kunnugt, hefur að vísu að undanförmu verið gjört ráð fyrir því, að eptir hinum eldri íslenzku lögum sè 4 mílna fjarlægð frá landi það takmark, sem útlendum fiskimönnum er bannað að fara yfir á fiskiveiðum sínum við Ísland; en samt sem áður álltur dómsmálastjórnin, að það muni samkvæmast skoðun þeirri,

1) Eptirrit af bréfi þessu var sent amtmönnum á Íslandi s. d., og 9. maí var þeim sent eptirrit af reglugjörð þeirri, er sjóliðsstjórnin samdi handa Knudsen herskipsforingja, er var fyrir herskipinu „Örnen“, að því leyti snerti ferð skips þessa til Íslands.